



Ársskýrsla
Fjölbrautaskólans í
Garðabæ 2022

Mars 2023

Kristinn Þorsteinsson

Efnisyfirlit

1	Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
1i	Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
2	Stefnuskjal til þriggja ára	4
3	Starfsemi skólaárið 2022	5
3.i	Mið- og vorönn 2022	5
3.ii	Haust- og miðönn 2022	6
4	Foreldraráð og samskipti við forráðamenn	7
5	Sjálfsmat	8
6	Námsframboð	9
7	Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna	10
7.i	Stærð húsnæðis	10
7.ii	Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2022	10
7.iii	Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2022	10
7.iv	Kynjaskipting á haustönn í dagskóla frá 2015-2022	11
7.v	Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir sveitafélögum haust 2022	11
7.vii	Meðalstærð námshópa í dagskóla 2018-2022	12
8	Starfsfólk	12
8.i	Skólanefnd FG	12
8.ii	Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2022	13
8.iii	Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	13
8.iv	Yfirstjórn skólans 2022	13
8.v	Aðrir stjórnendur 2022	13
8.vi	Kynjaskipting starfsfólks 2022	14
8.vii	Starfsaldur starfsmanna í FG í mars 2022	14
8.viii	Kennsluhættir í FG	14
9	Alþjóðasamstarf Fjölbrautaskólans í Garðabæ skólaárið 2021-2022	15
9	Fjármál skólans	15
	Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára	17

1 Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að bjóða nemendum upp á góða menntun og efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- Bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt.
- Hvetja nemendur til stöðugar þekkingarleitar og þjálfna þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfna þá í gagnrýninni hugsun.
- Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- Þjálfna nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.
- Stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl.

1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk.

Til að skólinn uppfylli hlutverk sín og nái markmiði sínu eru eftirfarandi stefnur, áætlanir og reglur í gildi. Þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar reglulega:

Stefnur:

- [Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ](#)
- [Heilsustefna](#)
- [Jafnréttisstefna](#)
- [Loftslagsstefna](#)
- [Persónuverndarstefna](#)
- [Starfsmannastefna](#)
- [Stefna skólans í forvörnum](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun FG gegn einelti og hverskyns ofbeldi](#)
- [Umhverfisstefna/Samgöngustefna](#)

Áætlanir

- [Barnavernd](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun FG gegn einelti og hverskyns ofbeldi](#)
- [Endurmenntunaráætlun](#)
- [Jafnréttisáætlun](#)
- [Viðbrögð við samskiptavanda](#)
- [Viðbragðsáætlun FG](#)

Reglur

- [Skólareglur](#)
- [Reglur um skólasókn](#)
- [Reglur skólans varðandi vímuefni](#)
- [Prófreglur](#)

- [Reglur um skóladansleiki](#)
- [Reglur um veikindi](#)
- [Reglur um skráningu nemenda](#)
- [Reglur um nemendaferðir](#)
- [Reglur um mat/stöðupróf á erlendri tungumálakunnáttu](#)
- [Reglur um notkun á tölvubúnaði](#)
- [Umgengnisreglur](#)

2 Stefnuskjal til þriggja ára

Síðast var lagt fram stefnuskjal í nóvember 2022. Sjá má það stefnuskjal í viðauka. Stefnuskjalið var samþykkt hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Að hausti 2021 var lagt fram stefnuskjal til þriggja ára. Sett voru fram markmið og verður gerð grein fyrir þeim. Ekki er tímabært að fara yfir þau markmið sem sett voru í nóvember 2022, en þau má sjá í viðauka á bls. 17.

Varðandi kjarnastarfsemi voru lögð fram þrjú markmið.

1. **Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilsettum tíma.** Markmið fyrir árið 2021 var að hlutfall útskrifaðra nemenda (á 9 önnum) með B eða hærra úr grunnskóla í kjarnagreinum af þeim sem eru enn í skólanum og innrituðust vor 2016 – 2018 – 2020 væri 63. Á árinu 2021 útskrifuðust 42% nemenda á þremur árum. Við erum hætt að telja þetta út frá þeim nemendum sem komu með (B) og hærra í kjarnagreinum. Þessa tala er út frá öllum nemendum.
2. **Bæta árangur í námi.** Þetta markmið hófst haustið 2019. Hafa ber í huga að Covid-19 getur hafa haft áhrif á niðurstöður.
Sett var markmið um að skólasókn yrði 85% raunmæting á skólaárinu 2021-2022. Niðurstaðan var 87% raunmæting. Markmiðið náðist þó Covid hefði talsverð áhrif, en mikið var um styttri veikindi sem telja til fjarvista á miðönn og vorönn. Einnig virtist sem vanlíðan vegna Covid væri mest á vorönn 2022. Var það í samræmi við upplýsingar frá öðrum skólum. Sett var markmið um að meðaleinkunn yrði 6,5 á skólaárinu 2021-2022. Niðurstaðan var 6,6. Sjá nánar um árangur nemenda varðandi einkunnir og skólasókn í kafla 3.i.

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram tvö markmið.

1. **Tölvur, tæki, búnaður og þar með talinn hugbúnaður sé í samræmi við þarfir skólans og í fremstu röð.**
Hér hefur náðst mikill árangur á undanförunum árum. Búið er að endurnýja að hluta eða öllu leyti 12 stofur. Búið er að breyta smíðastofu í kennslustofu þar sem hægt er að kenna plássfrekar greinar. Skóhillur og skápar voru fjarlægð úr miðrymum á miðhæð og húsgögn keypt. Skipt var um húsgögn í Miðgarði sem er svæði fyrir nemendur á fyrstu hæð. Kennarar hafa greiðan aðgang að þeim hugbúnaði sem þarf og þeir vilja. Allir nýir kennarar fá fartölvur í hendur. Sjá má nánar um kennsluhætti og hugbúnað í kafla 8.iiiv.
2. **Draga úr umhverfisáhrifum.** Skólinn hefur lokið öllum fimm Grænum skrefum í ríkisrekstri. Starfsmönnum er boðið upp á samgöngusamning og hefur talsverður hópur starfsmanna

þegið það og kemur til vinnu með umhverfisvænum hætti. Skólinn hefur lokið [loftlagsstefnu](#) og birt á heimasíðu sinni. Fylgst er með flokkun og nemendur verðlaunaðir fyrir góðan árangur ef ástæða er til.

3 Starfsemin skólaárið 2022

3.i Mið- og vorönn 2022

Skólahald eftir jólafrí hófst 3. janúar með kennslu. Engar takmarkanir voru í gildi vegna Covid en veikindi vegna Covid voru útbreidd og talsvert um veikindi meðal nemenda og starfsmann.

Miðönninni lauk með prófum 11. og 12. febrúar. Árangur var ágætur en þó heldur síðri en síðustu tvö ár. Brautskráning fór fram 4. mars og brautskráðust 30 nemendur. Af þeim 30 sem útskrifuðust voru 8 af hönnunar- og markaðsbraut, 6 af viðskiptabrautum, 4 af félagsvísindabraut, 4 af íþróttabraut, 4 af listnámsbrautum og 4 af náttúrufræðibraut.

Fjölmargir nemendur sóttu um á vorönn og tókum við inn 32 nemendur. Voru það mest nemendur fæddir 2005 sem komust ekki inn á haustönn 2021.

Kennsla vorannar hófst 23. febrúar. Kennsla gekk ágætlega en fjarvera vegna veikinda var mikil og skólasókn var síðri þessa vorönn en síðustu vorannir. Var það mat starfsmanna að vorönnin 2022 hefði verið erfiðasta önnin á öllu Covid tímabilinu. Á eftirfarandi töflu má sjá árangur síðustu ára eftir önnum. Sést þar bæði skólasókn og einkunnir. Athuga ber að ekki er hægt að bera saman þessar niðurstöður við aðra skóla nema samræma fyrst aðferðafræði við útreikninginn.

	Þróun skólasóknar og einkunna í FG 2016-2022	
	Einkunnir, vegið meðaltal allra einkunna	Skólasókn raunmæting að frádregnum K, W og L
Haustönn 2016	6,13	83,00%
Vorönn 2017	5,82	81,35%
Haustönn 2017	6,65	84,05%
Vorönn 2018	6,27	81,90%
Haustönn 2018	6,38	85,80%
Vorönn 2019	5,98	83,11%
Haustönn 2019	6,93	88,14%
Miðönn 2019-2020	6,46	86,39%
Vorönn 2020	6,91	89,35%
Haustönn 2020	6,95	91,40%
Miðönn 2020-2021	6,92	91,70%

Vorönn 2021	6,74	89,50%
Haustönn 2021	6,84	88,30%
Miðönn 2021-2022	6,63	84,60%
Vorönn 2022	6,33	83,20%
Haustönn 2022	6,83	88,20%
Miðönn 2020-2023	6,76	87,32%

Á vorönn settu nemendur upp söngleikinn Gretti og sýndu fyrir fullu húsi. Vorpróf hófust 19. maí og brautskráning fór fram 28. maí. Brautskráðust þá 117 nemendur. Af þeim 117 sem brautskráðust voru 111 að útskrifast með stúdentspróf, 24 af viðskiptabrautum, 23 af listnámsbrautum, 21 af náttúrufræðibraut, 14 af hönnunar- og markaðsbraut, 13 af félagsvísindabraut, 11 af íþróttabraut og 5 af alþjóðabrautum. Einnig brautskráðum við 6 nemendur af sérnámsbraut.

3.ii Haust- og miðönn 2022

Aðsókn að skólanum var mjög mikil og sú mesta frá stofnun skólans. Á töflunni fyrir neðan má sjá aðsókn að skólanum síðan 2008.

2022	FG	Val 1	305
	FG	Val 2	389
2021	FG	Val 1	207
	FG	Val 2	323
2020	FG	Val 1	260
	FG	Val 2	370
2019	FG	Val 1	237
	FG	Val 2	313
2018	FG	Val 1	207
	FG	Val 2	317
2017	FG	Val 1	217
	FG	Val 2	366
2016	FG	Val 1	206
	FG	Val 2	244
2015	FG	Val 1	195
	FG	Val 2	290
2014	FG	Val 1	200
	FG	Val 2	300

2013	FG	Val 1	158
	FG	Val 2	274
2012	FG	Val 1	162
	FG	Val 2	292
2011	FG	Val 1	190
	FG	Val 2	273
2010	FG	Val 1	181
	FG	Val 2	247
2009	FG	Val 1	167
	FG	Val 2	366
2008	FG	Val 1	80
	FG	Val 2	282

Eins og ljóst er af þessari töflu komst aðeins hluti umsækjanda inn í skólann. Teknir voru inn 208 nýnemar (þar af 8 á sérnámsbraut) og 41 annar nemandi.

Haustönnin hófst með starfmannafundum 16. ágúst. Einnig var stutt námskeið um leiðsagnarmat. Nýnemakynning var 17. ágúst og kennsla hófst með hraðtöflu 18. ágúst. Önnin gekk vel og var skólasókn og árangur ásættanlegur eins og sést á töflunni hér að ofan.

Próf á haustönn hófust 1. nóvember og lauk 3. nóvember. Brautskráning haustannar fór fram 18. nóvember og brautskráðust 36 stúdentar að þessu sinni. Það voru 9 af viðskiptabrautum, 8 af náttúrufræðibraut, 6 af hönnunar- og markaðsbraut, 5 af listnámsbrautum, 4 af íþróttabraut, 3 af félagsvísindabraut og 1 af alþjóðabraut.

Miðönnin hófst með kennarafundi 14. nóvember og kennsla hófst næsta dag. Ekki voru teknir inn neinir nýir nemendur á miðönn. Kennt var óslitið til og með 16. desember. Námsmatsdagur var 19. desember og jólafrí hófst 20. desember og hófst kennsla aftur 3. janúar 2023.

Skólinn stóð fyrir skólapingi 6. desember. Tekinn var 80 mínútna tími og nemendum skipt í hópa og fjölluðu þeir um spurningar sem tengdust skólanum almennt, kennslu, félagslífi nemenda og aðbúnaðar í skólanum. Þingið tókst afar vel og hátt í 80 hópar skiluðu niðurstöðum. Farið var yfir niðurstöður varðandi skólann og kennslu á kennarafundi. Stjórn nemendafélagsins sá niðurstöður varðandi félagslíf og mötuneytið niðurstöður varðandi það. Sjá má hluta afraksturs [hópastarfsins hér](#).

4 Foreldraráð og samskipti við forráðamenn

Við skólann starfar foreldraráð og situr einn fulltrúi þess skólanefndarfundis. [Foreldraráðið](#) hefur síðu á heimasíðu skólans og heldur úti [Facebook síðu](#). Stjórnendur skólans funda með Foreldraráðinu og eins hefur ráðið kallað til sín fulltrúa nemenda og starfsmanna. Skólinn hefur lagt áherslu á að halda foreldrum upplýstum í gegnum tölvupósta, á heimasíðu skólans og á samfélagsmiðlum.

Á yfirstandandi skólaári hefur foreldraráðið verið til staðar. Foreldraráðið hefur verið nokkuð virkt á þessu skólaári 2022 – 2023. Fundað hefur verið reglulega yfir árið og góð mæting á fundi.

Fín mæting var á fyrirlestur fyrir foreldra nemenda við skólann, foreldrar eiga fullt erindi inn í framhaldsskólana, það er hinsvegar alltaf hægt að gera betur og hvetja þarf foreldra enn meira til þess að taka þátt í skólasamfélaginu.

Samskipti við forráðamenn fara fram á þrjá vegu.

Í fyrsta lagi með fundum með foreldrum eins og fundi með foreldrum nýnema og fræðslufundum í samstarfi við foreldraráðið. Í öðru lagi með tölvupósti en skólinn sendir af og til tölvupósta til forráðamanna með upplýsingum. Hlutverk foreldraráðsins hefur aukist í tengslum við gæslu á skóladansleikjum og einnig hafa þeir útvegað verðlaun til nemenda sem hafa verið dregnir úr svokölluðum edrúpotti sem við munum kalla „fyrirmyndarpott“ í framtíðinni.

5 Sjálfsmat

Sjálfsmat er snar þáttur í starfsemi FG og á hverju ári er gerð skýrsla um sjálfsmat og er hún birt á heimasíðu skólans. Þar er gerð ítarleg grein fyrir sjálfsmati í FG. Gæðaráð sem fundar á s.k. samráðsfundum einu sinni í viku hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Á samráðsfundum er farið yfir helstu þætti skólastarfsins þá vikuna og helstu áherslur skólastarfsins mótaðar. Verksvið hópsins er m.a. að skipuleggja verkefni, ákveða úttektir og afla gagna ef þurfa þykir. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, 2 kennslustjórar, 2 námsráðgjafar, skrifstofustjóri og félagsmálafulltrúi. Það er mat okkar að þessi skipan gæðaráðs tryggi það að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun, ákvörðunum og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni. 2022 var sem fyrr lögð áhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem eru þungamiðjan í innra mati skólans, eins og t.d. kennslukannanir, skoðun námsárangurs, líðan starfsmanna, próf og prófagerð, kennsluáætlanir o.fl. Árleg úttekt á einni námsgrein/námsbraut fór fram á vorönn. Ytri úttekt veitir heildaryfirsýn yfir starfsemi stofnunar og í því felast tækifæri til að breyta og bæta starfseminna enn betur. Niðurstöður ytri úttektar má sjá á eftirfarandi slóð:

https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttekting/fjolbrautaskolinn_i_gardabae_19.pdf .

Umbótaáætlun var lögð fram í framhaldi af ytri úttekt og má sjá hana á eftirfarandi slóð:

<https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttekting/endurskodud-umbotaaetlun-jan-2020-vegna-ytra-mats.pdf> .

Mikilvægt er að allt gæðastarf og innra mat sé í stöðugri þróun, sífellt séu skoðaðar nýjar hliðar sem við nána skoðun geta varpað ljósi á stöðu mála og komið nýjungum til leiðar sem bæta skólastarfið. Þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru hverju sinni ráðast af verkefnum og byggjast þær á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum sem margar hverjar hafa verið aðlagðar að þeim markmiðum sem unnið er að hverju sinni. Aðferðirnar eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða betur færir um að framkvæma sjálfsmat. Megináhersla er á að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt.

Spurningalisti sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun á annarri hverri önn hefur þróast yfir langan tíma, mjög margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila um hönnun slíkra spurningalista. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluáferðum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga.

Úttektir á einni námsgrein sem nú hafa verið gerðar átta sinnum veita kennurum m.a. tækifæri til að skoða eigin frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvort og þá hvaða breytingar þeir vilja gera. Slík skoðun á eigin starfi er mikilvæg og hafa kennarar tekið þessu tækifæri fegins hendi. Lesa má niðurstöður þessara úttekta í [sjálfmatsskýrslum skólans](#).

6 Námsframboð

Allar stúdentsbrautir eru þriggja ára brautir og var í fyrsta skipti boðið upp á slíkar brautir á haustönn 2015. Brautirnar voru tilbúnar af hálfu skólans á vorönn 2015 og Menntamálastofnun sendi þær til ráðuneytisins í lok sömu annar. Samþykki ráðuneytisins var veitt í byrjun árs 2017. Jafnframt var starfsbraut skólans fyrir fatlaða nemendur samþykkt á sama tíma. Samþykki mennta- og barnamálaráðuneytisins fyrir styttri brautum, menntabraut og framhaldsskólabraut, var veitt snemma á árinu 2018. Því eru nú allar brautir skólans samþykktar.

Þriggja ára brautir (stúdentsprófsbrautir) í FG eru 202 einingar og var boðið upp á eftirfarandi brautir á árinu 2022:

Námsbrautir


- Alþjóðabraut (stúdentsbraut)
 - alþjóðasamskiptasvið
 - menningarsvið
 - viðskiptasvið
- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)
- Íþróttabraut (stúdentsbraut)
- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
 - fata- og textílhönnunarsvið
 - leiklistarsvið
 - myndlistarsvið
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
 - heilbrigðisvið
 - tæknisvið
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
 - viðskiptasvið
- Sérnámsbraut fyrir fatlaða nemendur (4 ár)
- Styttri brautir
 - Framhaldsskólabraut
 - Menntabraut

7 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

7.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

7.ii Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2022



7.iii Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2022.*

Ár	Miðönn %	Vor %	Haust %	Alls á ári
2014		11/678=1,6%	18/766=2,3%	29
2015		17/672=2,5%	11/725=1,5%	28
2016		11/642=1,7%	11/736=1,5%	22
2017		11/699=1,6%	13/722=1,8%	24
2018		9/659=1,4%	8/725=1,2%	17
2019		4/629=0,6%	5/712=0,7%	9
2020	9/633=1,4%	1/699=0,1%	2/735=0,3	12
2021	12/698=1,7%	3/675=0,4%	0/744=0%	15
2022	10/673=1,5%	5/682=0,7%	5/722=0,7%	20

* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN


** Talið er brottfall á þeirri önn sem hófst í nóvember 2022 og lauk í febrúar 2023.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur reynt að mæla brottvarf á annan hátt en viðurkennir jafnframt að þetta er mjög erfitt. Tölur ráðuneytisins fyrir FG eru aðrar en okkar enda er talningin mjög ólík. Hjá MRN er reynt að meta hversu margir hverfa frá námi. Niðurstaða ráðuneytisins fyrir skólaárið 2019-2020 hjá FG er að brottfall er 0,0% en tilfærsla 5,4% en það eru þeir sem halda áfram námi en fara í aðra skóla. Sjá meðfylgjandi töflu.


Skólaárið 2019-2020

Framhaldsskóli	Brotthvarf	Tilfærsla	Fjöldi
Árgangur	4,0%	8,3%	4002
FG	0,0%	5,4%	184

7.iv Kynjaskipting á haustönn í dagskóla frá 2015-2022



7.v Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir sveitarfélögum haust 2022



7.vi Meðalstærð námshópa á haustönn í dagskóla 2018-2022

Hópar	Vor 2018	Haust 2018	Vor 2019	Haust 2019	Haust 2020	Haust 2021	Haust 2022
Viðmiðunarstærð 25-28	23,2	25,5	24,4	25	25,9 (102 hóp.)	24,5 (107 hóp.)	25,1 (114 hóp.)
Viðmiðunarstærð 22-26	19,6	20,8	19,2	20,8	21,1 (11 hóp.)	21,6 (11 hóp.)	20,1 (10 hóp.)
Viðmiðunarstærð 15-18	14,5	16,4	15,34	14	15,4 (14 hóp.)	15,7 (19 hóp.)	17,6 (16 hóp.)
Viðmiðunarstærð 12-14	9,6	9,9	10,3	11,8	11,2 (6 hóp.)	11,0 (5 hóp.)	12 (5 hóp.)
Fornámsáfangar 15-18	13,3	13,2	13,4	12	8,5 (2 hóp.)	17 (1 hóp.)	

8 Starfsfólk

8.i Skólanefnd

Ný skólanefnd var skipuð í mars 2021

- Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður.
- Frosti Logason, varaformaður
- Kristín Soffía Þorsteinsdóttir, Davíð Freyr Jónsson tók við á haustönn 2023
- Sara Dögg Svanhildardóttir
- Sigurjón Jónsson
- Fríða Gylfadóttir, fulltr. kenn.
- Andri Bergmann Isaksen, fulltr. nem.
- Hrefna Ævarsdóttir, fulltr. foreldraráðs

8.ii Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2022

Starfsheiti	Karlar		Konur		Samtals	Hlutfall samtals
	Fjöldi	Starfs-hlutfall	Fjöldi	Starfs-hlutfall		
Aðstoðarskólameistari			1	100%	1	100%
Áfangastjóri			1	100%	1	100%
Bókavörður			2	150%	2	150%
Fjármálastjóri			1	100%	1	100%
Framhaldsskólakennari	15	1330%	38	3450%	53	4780%
Kerfisstjóri	1	100%			1	100%
Matráður			1	100%	1	100%
Náms- og starfsráðgjafi			2	200%	2	200%
Skólafulltrúi			1	75%	1	75%
Skólaliðar			3	300%	3	300%
Skólameistari	1	100%			1	100%
Skrifstofustjóri			1	100%	1	100%
Stuðningsfulltrúi			1	100%	1	100%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%			1	100%
Verkefnisstjóri	1	50%			1	50%
Samtals	19	1680%	52	4775%	71	6455%

8.iii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 3,5
- Kennarar 47,8
- Aðrir starfsmenn 13,55

8.iv Yfirstjórn skólans 2022

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson
- Aðstoðarskólameistari – Snjólaug Elín Bjarnadóttir frá 1. nóv. 2017
- Áfangastjóri – Kristín Helga Ólafsdóttir frá 1. jan. 2018
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason (50%) frá 1. ágúst 2010

8.v Aðrir stjórnendur 2022

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósefsdóttir
- Skrifstofustjóri – Hrafnhildur Guðmundsdóttir

- Húsvörður – Stefán Kristófersson
- Kennslustjórar

8.vi Kynjaskipting starfsfólks 2022

- Konur 52 73,2%
- Karlar 19 26,8%

8.vii Starfsaldur starfsmanna í FG í mars 2022

Kennarar og yfirstjórn FG = 12,89 ár

Aðrir starfsmenn = 9,08 ár

8.viii Kennsluhættir í FG

Á síðastliðnum árum hefur skólinn lagt áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat. Flestar rannsóknir í menntavísindum benda á að fjölbreyttir kennsluhættir auki virkni nemenda og bæti árangur þeirra. Í um 700 nemenda skóla er fjölbreytt flóra nemenda sem gerir þær kröfur til kennara skólans að bjóða upp á hlaðborð kennsluaðferða. Þeir sem þekkja til í skólamálum vita að kennarar eru ekki sammála um hvaða kennsluaðferðir eru bestar.

Við í FG, eins og í mörgum öðrum framhaldsskólum, viljum stöðugt vera að auka fjölbreytnina. Því er það mikilvægt að stjórnendur skólans geri allt sem í þeirra valdi stendur til að styðja kennara í að nota fjölbreyttar leiðir til að ná til nemenda. En hvað er hægt að gera til að styðja kennara í leit sinni?

Hvert haust býður skólinn upp á námskeið fyrir kennara þar sem boðið er upp á margskonar námskeið fyrir kennara til að gera námið áhugaverðara og árangursríkara. Reynt er að vera með námskeið á skólatíma líka. Dæmi um námskeið sem hafa verið upp á síðkastið eru raddþjálfun, leiðsagnarmat, reynslusögur kennara úr kennslustofunni og mörg önnur. Skólinn borgar fyrir fjölbreytt forrit og vinnuumhverfi t.d. Nearpod, Padlett, Kahoot, explain everything og margt annað.

Nú er hávær umræða um gervigreind sem mun örugglega breyta kennslu á næstu árum. Það eru nokkur ár síðan við tókum upp Inspira sem gerir það að verkum að hægt er að láta nemendur vinna verkefni og taka próf í lokuðu tölvuumhverfi. Sífelld fleiri kennarar eru farnir að nota kerfið.

Á síðastliðnum árum hefur þáttur símats farið vaxandi og stórum prófum hefur fækkað. Þannig hefur þróunin verið í FG, sérstaklega eftir að þriggja anna kerfið var tekið upp. Á síðastliðinni miðönn voru örfá lokapróf hjá dagskólanemum. Vissulega eru ekki allir kennarar sammála þessari þróun. Það má samt fullyrða það að símat sé notað í flestum áföngum skólans. Verkefnamiðað nám hefur aukist einnig, oftast í formi samvinnunáms. Tilraunir hafa verið gerðar til að samþætta námsgreinar og þar má sérstaklega benda á samvinnu skúlptúrs og líffræði sem heppnaðist mjög vel.

Með aukinni tæknivæðingu hafa margir kennarar fært fyrirlestra sína á rafrænt form og aukið verkefnavinnu í skólanum. Leið sem oft er kennd við vendikennslu og blandað nám. Forrit eins og Nearpod hjálpar þar til.

Nýverið var bókasafn skólans tekið í gegn og breytt í takt við nútímakröfur með minni áherslu á stað þar sem bækur eru geymdar yfir í vinnurými fyrir nemendur. Þar er nú hægt að komast í þrívíddaprentara, vínlskera og laserskera. Allt til að bjóða upp á fjölbreytt skil verkefna. Fyrir stuttu var opnað hlaðvarpsupptökuherbergi sem er orðið mjög vinsælt enda skemmtileg leið til að skila verkefnum.

Eins og sést á þessari upptalningu er mikið lagt upp úr fjölbreyttum kennsluáferðum og skólinn styður þá þróun með ráðum og fjármunum.

9 Alþjóðasamstarf Fjölbrautaskólans í Garðabæ skólaárið 2021-2022

Rakel Linda Gunnarsdóttir er alþjóðafulltrúi skólans og hefur umboð skólans til að stýra erlendum samskiptum fyrir hans hönd.

Starf skólans er smám saman að eflast í erlendum samskiptum m.a. vegna þess að nú eru ekki miklar hömlur vegna heimsfaraldurs. Þannig hafa ferðalög og tengslamyndun við erlenda aðila aukist verulega á skólaárinu. Þá hefur alþjóðafulltrúi stofnað til fleiri verkefna sem styrkt eru af Erasmus+ og undirbúið ferðir fyrir starfsfólk skólans.

Unnið hefur verið ötullega á skólaárinu að því að efla erlend samskipti skólans. Þá sótti alþjóðafulltrúi um styrk Erasmus+ með aðild skólans (accreditation) fyrir nám og þjálfunarverkefni í samstarfi við fulltrúa framhaldsskóla í Lugo á Spáni og framhaldsskóla í Lilleström í Noregi. Þá fóru 3 kennarar í undirbúningsferð (preparation visit) dagana 20.-23. apríl til að mynda tengsl og undirbúa verkefnið sem unnið er að á skólaárinu 2022-2023, en einnig fóru 2 bókasafnsfræðingar til Finnlands á Erasmus+ styrk í byrjun júní í skólaheimsókn með félagi bókasafnskennara. Starfsmannaferð var farin til Spánar 28. maí – 2. júní 2022.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ fær nokkrar fyrirspurnir daglega um stofnun samstarfs, þannig er að mörgu að hyggja í þeim málum og ljóst er að erlent samstarf mun eflast enn frekar á næstu árum.

Alþjóðafulltrúi skólans sótti nokkrar vefstofur og námskeið á skólaárinu sem voru í boði hjá Rannís og snúa að náms- og þjálfunarverkefnum eða samstarfsverkefnum, sem dæmi má nefna vefstofu í flokknum Erasmus+ nám og þjálfun, svo eitthvað sé nefnt. Vefstofunni var ætlað að hvetja þátttakendur til umhugsunar um umhverfisvænt alþjóðastarf og veita innblástur um vistvæna nálgun á verkefni.

Samstarf FG við Het Amsterdam Lyceum í Hollandi mun halda áfram, sem áður, en stefnt er að því á komandi skólaári að senda hóp/hópa til Hollands og taka á móti hóp frá þeim skóla. Til dæmis tók skólinn á móti hóp sem kom frá þeim í október síðastliðnum.

10 Fjármál skólans

Fjárhagsstaða skólans hefur verið góð undanfarin ár og afgangur verið á rekstri skólans. Það breyttist á síðasta ári og var rekstur skólans neikvæður um 34,6 milljónir og er hrein eign skólans 79,4 milljónir í lok árs. Skýringin liggur að mestu í launalið sem er talsvert yfir áætlunum. Munar það talsvert um óuppgjört orlof sem er neikvætt um rúmar fjórtán milljónir króna. Rekstraráætlun hafði gert ráð fyrir

óverulegum halla og voru það vonbrigði að ekki tókst að halda skólanum innan áætlunar. Í ársreikningi skólans kemur fram: „Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.204,7 milljónir og afkoma kr. -34,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 79,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 204,9 milljónir.“

Útgjaldarammi skólans á fjárlögum 2023 er 1.209,6. Þar er gert ráð fyrir 48,8 milljónum í eigin tekjur og 28,1 milljón í eignakaup. Það liggur fyrir beiðni í ráðuneytinu um að lækka eignakaup um 13,1 milljón og færa það til rekstrar.

Rekstraáætlun gerir ráð fyrir óverulegum halla á árinu 2023 og að staðan verði jákvæð að teknu tilliti til afkomu síðasta árs en hrein eign var eins og áður kom fram 79,4 milljónir í lok árs 2022.

Helstu áhættur í rekstri eru veikindi starfsmanna en veruleg veikindi geta sett rekstur skólans úr skorðum. Einnig höfum við áhyggjur af sérnámsbraut skólans. Samkvæmt yfirliti frá ráðuneytinu eru skólanum áætlaðar 35 milljónir til reksturs þeirrar brautar. Rekstrarkostnaður brautarinnar er mun hærri og er launakostnaður deildarinnar yfir 50 milljónir þannig mikið vantar til að brautin standi undir kostnaði.

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

Ríkisaðili	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ			Ráðuneyti	Mennta- og barnamálaráðuneyti		
Ábyrgðaraðili	<i>Kristinn Þorsteinsson skólameistari</i>						
A	Kjarnastarfsemi						
	<p><i>Skólinn starfar eftir áfangakerfi og býður upp á fjölbreytt listnám, íþróttabraut auk bóknáms. Staðfestar stúdentsprófsbrautir eru 7 og skiptast þær niður á nokkur svið. Að auki er starfrækt sérnámsbraut fyrir fatlaða. Stúdentsprófsbrautirnar eru skilgreindar sem 3ja ára brautir. Á heimasíðu skólans koma fram kröfur sem nemandi þarf að uppfylla við innritun til að komast inn í áfanga á 2. þrepi í kjarnagreinum. Skólanámskrá skólans, síðast endurskoðuð í júní 2022, er birt á vef hans sem og brautalýsingar.</i></p> <p><i>Skólinn býður upp á náms- og starfsráðgjöf, ráðgjöf í forvörnum, forvarnafulltrúa, hinsegin fulltrúa og við skólann starfar félagsmálafulltrúi nemenda og alþjóðafulltrúi. Nemendur sem þurfa á sálfræðiráðgjöf að halda fá viðtöl á vegum skólans.</i></p> <p><i>Í skólanum eru um 700 nemendur að meðaltali í dagskóla. Á haustönn 2022 eru 721 í dagskóla og 77 í fjarnámi. Í skólanum er vel útbúið bókasafn, þráðlaust net og mótuneyti fyrir nemendur og kennara.</i></p> <p><i>Tekið var upp þriggja anna kerfi haustið 2019, það er fjögurra ára tilraunaverkefni og verður árangur metinn að því loknu.</i></p> <p><i>Markmið skólans tengjast markmiðum ríkisstjórnarinnar eins og fram kemur hér að neðan.</i></p>						
	Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
A1	Hækka hlutfall þeirra nemenda sem ljúka námi á tilsettum tíma.		Fjöldi útskrifaðra nemenda á 9 önnum af þeim sem eru enn í	Innritunar- og útskriftarlistar nemenda	42%	55%	60%

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

	Miðuð við að nemendur ljúki stúdentsprófi á þremur árum.		skólanum og innrituðust vor 2017 - 2019 - 2021				

Tengist markmiði málaflökks

Hlutfall þeirra sem ljúka prófi á tilskildum tíma fari í 60% árið 2020 í samræmi við markmið þau sem fram koma í Hvítbók. Skólinn nái að höfða til sem flestra nemenda. Til þess þarf hann að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu sem miðar að því að nemendur fái notið sín á eigin forsendum.

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
A1.1	Áframhaldandi þróun þriggja anna kerfis.	2014	Fundur hvernig til hefur tekist vor 2022, endurskoðuð vor 2023.
A1.2	Fjölbreyttir kennsluhættir, námskeið fyrir kennara og áherslubreytingar í námsmati.	2017	Viðvarandi
A1.3	Haldið utan um tölu brautskráðra nemenda og námslok.	2018	Viðvarandi

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
	Bæta árangur í námi.		Skólasókn	Skólasóknar-einkunnir	89,8%	90%	90%

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

A2			Einkunnir nemenda	Einkunnalistar og meðaleinkunnir anna	6,83 (meðaltal þriggja síðustu anna) Markmið fyrir skólaárið var 6,5	6,9	7

Tengist markmiði málaflokks

Hlutfall þeirra sem ljúka prófi á tilskildum tíma fari í 60% árið 2020 í samræmi við markmið þau sem fram koma í Hvítbók. Skólinn nái að höfða til sem flestra nemenda. Til þess þarf hann að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu sem miðar að því að nemendur fái notið sín á eigin forsendum.

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
A2.1	Skýrslugerð um einkunnir og skólasókn	2016	Viðvarandi
A2.2	Yfirlit yfir skólasókn sent á nemendur og forráðamenn yngri en 18 ára á tveggja vikna fresti. Viðvörunarbréf send til þeirra sem eru með óásættanlega mætingu eða miðannarmat á miðri önn og í lok annar.	2019 Viðvarandi	Viðvarandi Viðvarandi
A2.3			

B	Rekstrarþættir
	<p><i>Skipulag rekstrar er hefðbundið og miðar að því að styðja við meginstarf skólans sem er kennsla og þjónusta við nemendur. Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og leggur áherslu á heilbrigði líkama og sálar. Skólinn er þátttakandi í verkefninu Grænum skrefum og hefur þegar lokið öllum fimm skrefunum.</i></p> <p><i>Á miðönn 2022 starfa samtals 67 starfsmenn við skólann, 50 konur og 17 karlmenn. Kennarar eru 50 þar af 36 konur og 14 karlmenn, fjöldi stöðugilda er 47,65. Meðalaldur kennara er 49,6 ár og þeir hafa allir nema einn réttindi til að kenna þær greinar sem þeir kenna. Yfirstjórn hefur ekki aukist frá 2003 og samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, verkefnastjóra (50%) og fjármálastjóra og er meðalaldur 58 ár. Auk þess eru 2 kvenkyns náms- og starfsráðgjafar í 200% starfshlutfalli. Eitt og hálf stöðugildi er á bókasafni skólans. Skólaárið 2022-2023 eru 3 konur í yfirstjórn og tveir karlar.</i></p> <p><i>Eftirfarandi eru birtar stefnur skólans: Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ, Heilsustefna, Jafnréttisstefna, Loftslagsstefna, Persónuverndarstefna, Starfsmannastefna, Stefna og viðbragðsáætlun Fjölbrautaskólans í Garðabæ gegn einelti og hverskyns ofbeldi, Stefna skólans í forvörnum og Umhverfisstefna</i></p> <p><i>Innra mat skólans er fjölbreytt og tekur til allra þátta skólastarfsins. Kennslukönnun er lögð fyrir nemendur á annarri hverri önn í öllum áföngum skólans. Henni er fylgt eftir með samtölum skólameistara og aðstoðarskólameistara við kennara. Ein námsgrein / námsdeild er tekin út á hverju skólaári. Um viðamikla úttekt er að ræða sem er þríþætt. Könnun er lögð fyrir nemendur, kennslustundir allra kennara deildarinnar eru heimsóttar og persónuleg viðtöl eru tekin við kennarana. Allt innra mat skólans hefur verið sett upp í töflu og birt í sjálfsmatsáætlun og sjálfsmatskýrslum sem birtar eru á heimasíðu skólans.</i></p> <p><i>Sjá má stefnuskrá skólans og aðrar stefnur hér.</i></p> <p><i>Ytra mat skólans er í höndum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Síðast var gerð var ytri úttekt á skólanum á vorönn 2019 og umbótaáætlun skilað inn í janúar 2020.</i></p> <p><i>Rekstur skólans hefur að mestu gengið vel undanfarin ár. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2021 var rekstrarafgangur ársins 10,7 milljónir og hrein eign kr. 114 milljónir í árslok og eignir samtals 218 milljónir. Rekstur ársins 2022 hefur ekki gengið eins vel og útlit fyrir að halli ársins verði</i></p>

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

<p><i>rúmar 25 milljónir og gengið á uppsafnaðan afgang sem því nemur. Áætlun fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir smávægilegum halla árið 2023 en stefnt er að rekstur verði að mestu hallalaus og áfram verði til varasjóður.</i></p>						
<p>Markmið, mælikvarðar og aðgerðir</p>						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
B1	Tölvur, tæki, búnaður og þar með talinn hugbúnaður sé samræmi við þarfir skólans og í fremstu röð.	Kortlagning búnaðar stöðumat búnaðar og þarfagreining	Eignaskrá, könnun innan deilda	Búið að endurnýja tölvur allra kennara. Byrjað að bæta lýsingu í skólanum. Þrjár stofur til viðbótar endurnýjaðar . Búið að innleiða notkun á prófafortritinu Inspira.	Kaupa laserskera í bókasafn. Tvær stofur endurnýjaðar. Nemenda-aðstaða stórbætt með nýjum húsgögnum.	Klára að endurnýja töflur í stofum. Búið að endurnýja tvær raungreina-stofur.
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Endurnýja tölvur, tæki og hugbúnað í skólanum				2018	viðvarandi
B1.2	Endurnýja 1 – 3 kennslustofur á ári				2018	viðvarandi

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

B1.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
B2	Bætt líðan nemenda og aukin þátttaka nemenda í ákvörðunum og stefnumótun.	Ánægja nemenda	Kannanir Rannsóknar og greiningar	Samkvæmt niðurstöðu R&G leiddist 39% drengja námið og 22% stelpna árið 2021.	Lækka þessar tölur um 20%	Lækka tölur frá 2023 tölur um 20%
		Aðsókn að skólanum	Aðsóknartölur	207 nýnemar með skólinn í 1. sæti. 323 nýnemar með skólann í öðru sæti.	250 nýnemar með skólann í 1. sæti.	280 nýnemar með skólann í 1. sæti.
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Skólaþing verður haldið í desember 2022 með þátttöku allra nemenda og starfsmanna				2022	Annað hvert ár.
B2.2	Opnir fundir með nemendum tvisvar á ári.				2004	Viðvarandi
B2.3	Kennslukannanir aðra hverja önn og kannanir á þjónustu skólans 3ja hvert ár.				2022	Viðvarandi

**Stefnumiðað áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
B3	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri.	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri.	Grænt bókhald	Fjórum skrefum lokið	Fimm skrefum lokið	Skilyrðum uppfyllt til að halda þessum fimm skrefum
		Minnka kolefnispor af ferðum starfsmanna til og frá vinnu.	Fjöldi samgöngusamninga.	12	20	25
		Bætt flokkun á úrgangi innan skólans og minni förgun úrgangs.	Upplýsingar frá förgunaraðilum.	66%	70%	75%
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Ráðinn sérstakur umhverfisfulltrúi sem heldur utan um umhverfismál innan skólans.				2022	Viðvarandi
B3.2	Hærri greiðslur til þátttakanda í Samgöngusamningi.				2022	Stefnt að frekari hækkun
B3.3	Kennsluefni vegna flokkunar, umbun til nemenda þegar góður árangur næst í flokkun.				2022	Viðvarandi
B3.4	Útskriftarefni á haustönn gróðursetja tré í reit skólans á Smalaholti í Garðabæ.				2021	Viðvarandi

